

## FUNDARGERÐ

362. fundur stjórnar HEF veitna ehf.,

haldinn með fjarfundabúnaði, þriðjudaginn 3. mars 2026 kl. 13:00.

### Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Hildur Þórisdóttir (HP), Vilhjálmur Jónsson (VJ)-mætti kl. 13:23 og Aðalsteinn Þórhallsson (AP).

Gestir á fundinum:

Nigar Khaligova (#1-#2)

Fjóla Sigurðardóttir (#1-#2)

Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG (#1)

Ívar Karl stýrði fundinum.

---

### Dagskrá:

- 1 Ársreikningur 2025 – kynning, fyrri umræða
- 2 Aðalfundur 2026
- 3 Ársfundur Samorku 2026
- 4 Fagviðburðir framundan
- 5 Önnur mál
  - a. Rotaryklúbbur Héraðsbúa 60 ára
  - b. Jarðhitaleit í Eiðarþinghá

---

### 1 Ársreikningur 2025 – kynning, fyrri umræða

Magnús Jónsson, endurskoðandi fór yfir drög að ársreikningi félagsins fyrir rekstrarárið 2025.

Magnús svaraði fyrirspurnum stjórnarmanna og gagnlegar umræður urðu um rekstur og áætlunargerð félagsins.

### 2 Aðalfundur 2026

Undirbúningur fyrir aðalfund 26. mars kl. 16:30 er langt kominn. Fundasalur hefur verið bókaður og veitingar pantaðar. Gestafyrirlesari hefur einnig verið bókaður; Matthías Haraldsson mun kynna HOP – öryggishandbók Samorku. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins með dagskrá.

### 3 Ársfundur Samorku 2026

Ársfundur Samorku 2026 verður haldinn í Borgarleikhúsinu 17. mars kl. 13-15. Yfirskrift fundarins er *Uppbygging á óvissutímum – Eflum áfallaþol ómissandi innviða*. Framkvæmdastjóri og ritari stjórnar afgreiða mönnun á fundinn.

### 4 Fagviðburðir framundan

Vörusýning, IFAT í München verður 4.-7. maí.

Fagþing Samorku (vatnsmiðlar) verður haldið í Reykjanesbæ 7.-8. maí.

Til upplýsingar. Framkvæmdastjóri og formaður sammælist um mönnun á viðburðina.

## 5 Önnur mál

### a. Rotaryklúbbur Héraðsbúa 60 ára

Ósk frá RKLH um móttöku HEF á hátíðardegi klúbbsins, 18. apríl. Stjórn samþykkir beiðnina og felur formanni og framkvæmdastjóra að útfæra.

### b. Jarðhitaleit í Eiðapinghá

Helgi spyr um stöðu samningagerðar um jarðhitaleit í Eiðapinghá.

Framkvæmdastjóri upplýsir að drög að rannsóknarleyfi liggja fyrir frá Umhverfis- og orkustofnun.

Umræður um stöðuna. Stjórn ítrekar að niðurstaða í samningaviðræðum liggja fyrir sem allra fyrst.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 15:55

Fundargerð rituðu: Ágústa Björnsdóttir og Aðalsteinn Þórhallsson.